



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Fréttatilkynning

Nr.: 2/2012

Efni: **Sameiginleg fréttatilkynning fjármálaráðuneytisins og Fjársýslu ríkisins**

Vegna umræðu um meðferð skuldbindinga vegna A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í ríkisreikningi 2010

Undanfarna daga hefur farið fram umræða og verið fluttar fréttir í fjölmiðlum þar sem fram koma athugasemdir við meðferð á skuldbindingum ríkissjóðs gagnvart A-deild LSR. Er því haldið fram að þær væru vantaldar í ríkisreikningi um sem nemur 47 milljörðum króna miðað við árslok 2010. Hefur umfjöllun þessi m.a. byggt á nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um meðferð fjárhagslegra skuldbindinga ríkisins. Í tilefni af þessu vilja fjármálaráðuneytið og Fjársýsla ríkisins gera eftirfarandi athugasemdir.

1. Í fyrsta lagi er gerð grein fyrir umræddum skuldbindingum í skýringum með ríkisreikningi 2010 þar sem fjallað er um ábyrgðir utan efnahags. Þar segir m.a. að heildarstaða sjóðsins sé neikvæð um 47,4 milljarða króna, en það er sú fjárhæð sem falla myndi á ríkissjóð á komandi áratugum miðað við að áfram séu greidd óbreytt iðgjöld vegna núverandi sjóðsfélaga til ellilífeyrisaldurs og að þeir ávinni sér réttindi í samræmi við það.

Var þessi skýring sett fram í samráði við Ríkisendurskoðun, sem jafnframt áritaði reikninginn.

2. Í öðru lagi er rétt að fram komi að samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðsins nam áfallin staða A-deildar LSR, þ.e. skuldbindingar umfram eignir, tæpum 4,2 milljörðum króna í árslok 2010. Sú fjárhæð nemur 2,5% af eignum. Áfallnar skuldbindingar sýna stöðu sjóðsins á viðkomandi uppgjorsdegi og taka mið af iðgjöldum sem þegar hafa verið greidd. Það eru áfallnar skuldbindingar sem eru almennt lagðar til grundvallar í reikningsskilum þegar slíkar ábyrgðir eru færðar til til skuldar.

3. Í þriðja lagi kemur fram í lögnum um A-deild LSR að haga skuli iðgjöldum til sjóðsins í samræmi við skuldbindingar hans. Það, að heildarstaða sjóðsins sé neikvæð um 47,4 milljarða króna, bendir til að hækka þurfi iðgjöldin í framtíðinni til að mæta auknum skuldbindingum. Þessi niðurstaða, sem byggir á viðteknum tryggingafræðilegum matsaðferðum, er vitanlega háð óvissu um ávöxtun eigna sjóðsins á komandi áratugum og er breytingum háð.

Mikilvægt er að í opinberri umræðu um skuldbindingar ríkissjóðs, og lífeyrissjóðanna almennt, sé hugtakanotkun skýr og haldið sé til haga þeim grundvallarmun sem gera verður á heildarstöðu annars vegar, og áfallinni stöðu, hins vegar.

Reykjavík 10. febrúar 2012

Nánari upplýsingar veitir: Rósa Björk Brynjólfsdóttir, rosa.bjork.brynjolfsdottir@fjr.stjr.is.